

Nd.

137. Frumvarp

til laga um breytingu á fátækralögum frá 10. nóv. 1905.

Flutningsmaður: Magnús Pjetursson.

1. gr.

77. gr. fátækralaganna frá 10. nóv. 1905 skal orða þannig:

Ef þurfalingur fer eftir læknisráði á sjúkrahús, annað en holdsveikra-

spítala, þá greiðir framfærslusveit hans $\frac{2}{5}$ hluta meðlagskostnaðarins, en undir hann telst og lyf og læknishjálp. Greiðir þá ríkissjóður $\frac{3}{5}$ hluta hans.

Um berklaveika sjúklinga fer eftir því, sem ákveðið verður í lögum um varnir gegn berklaveiki, að svo miklu leyti sem þau lög koma í bága við þessa grein.

Engan þann styrk, sem veittur er samkvæmt þessari grein, má skoða sem sveitarstyrk.

2. gr.

Á 78. gr. ofanefndra laga skulu verða þessar breytingar:

1. Fyrir orðin: »200 kr. um árið« skal koma:
600 kr. um árið, þó ekki yfir $\frac{2}{5}$ hluta styrksins.
2. »200 kr.« á síðari staðnum í greininni falli burt.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Greinargerð.

Þær greinar fátækralaganna, sem frumvarp þetta tekur til, hafa lengi þótt að ýmsu leyti óviðunandi, eins og reyndar margt í þeim lögum, enda hefir stjórnin nú borið fram frumvarp til breytinga á þeim. En þetta stjórnarfrumvarp finst mjer sáralítill eða engin bót í máli, og síst bæta úr þeim göllum, er mest voru áberandi. Álit jeg t. d. algerlega rangt að halda uppteknum hætti um það að ákveða meðlagshluta hreppanna með ákveðinni krónutölu, ekki síst nú, þegar gildi peninganna er mjög svo á reiki. Og enn fremur bælir stjórnarfrumvarpið ekkert úr þeim mikla órjetti, er þau sveitarfjelög verða fyrir, er neyðst hafa til að kosta fleiri en tvo sjúklinga á sjúkrahúsum. Einnig tel jeg það mjög ranglátt að láta það varða rjettindamissi, þótt menn fyrir sjúkdóms sakir verði efnalega ósjálfbjarga. Að öðru leyti mun verða gerð grein fyrir breytingunum við fram-sögu málsins.